

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur mánudaginn 25. október 2021

Mál nr. S-1831/2021:

Ákærvaldið

(*Sonja H. Berndsen aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Dagbjörtu Guðrínu Rúnarsdóttur

(*Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður*)

Dómur

I.

Ákærun, dómkröfur o.fl.:

Mál þetta var dómtekið 14. október 2021 en það er höfðað með tveimur ákærum á hendur Dagbjörtu Guðrínu Rúnarsdóttur, kt. [...], [...], Reykjavík. Hin fyrri var gefin út af lög-
reglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 17. september 2019, þar sem henni eru gefin að
sök „eftirtalin brot:

I.

[...]

II.

Á hendur ákærðu Dagbjörtu Guðrínu, fyrir eftirtalin fíkniefna- og hegningarlagabrot:

- Fíkniefnalagabrot með því að hafa, sunnudaginn 6. maí 2018, haft í vörslum sínum samtals 33 stykki af kannabisplöntum sem fundust á efri hæð á heimili ákærðu að [...] í Reykjavík, og hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktar greindar plöntur.

[M. [...]]

Telst þetta varða við 2., sbr. 4., sbr. 4. gr. a., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 10/1997 og lög nr. 68/2001 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

2. [...].

3. Gripdeild með því að hafa, fimmtudaginn 25. apríl 2019, í verslun N1 að Ártúns- höfða í Reykjavík, sett varning að áætluðu verðmæti 5.747 krónur í fangið og hlaupið með út úr versluninni án þess að greiða fyrir.

[M. [...]]

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

[...]

Þess er krafist að [ákærða] verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Krafist er upptöku á framangreindum [...] 33 kannabispöntum sem hald var lagt á, samkvæmt 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Loks er krafist upptöku á plastkassa (munur nr. 463124), [...] sem lögreglan lagði hald á, samkvæmt heimild í 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.“

Hin síðari ákæra var gefin út af sama lögreglustjóra 2. júní 2020 á hendur ákærðu „fyrir [þjófnað] með því að hafa, mánudaginn 28. október 2019, stolið Bose hátalara að andvirði [39.895 krónur] úr verslun Elko í Skógarlind 2 í Kópavogi.

[M. [...]]

Telst framangreind háttsemi varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málið var upphaflega rekið undir öðru auðkenni, S-4698/2019, og var það þingfest 15. janúar 2020. Annar maður sætti einnig ákæru í því máli og voru fleiri mál vegna fleiri ákæra síðar sameinuð því máli. Þáttur ákærðu í málinu var að lokum klofinn frá 26. mars 2021 og fékk auðkenni þessa máls. Samhliða því féll ákæruvaldið frá III. kafla í fyrri ákæru á hendur ákærðu. Hinu upphaflega máli gegn téðum meðákærða lauk hins vegar með dómi 16. apríl sama ár. Í þinghaldi 14. október 2021 féll ákæruvaldið frá kafla II/1 í hinni fyrri ákæru á hendur ákærðu.

Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákærum. Ákærða neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsingin verði skilorðsbundin. Þá krefst ákærða þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar.

II.

Málsatvik:

1.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Samkvæmt frumskýrslu barst tilkynning til lögreglu aðfaranótt sunnudagsins 6. maí 2018 um hávaða úr íbúð að [...] í Reykjavík. Ákærða var með skráða búsetu í íbúðinni, auk A, og var hinn síðarnefndi í íbúðinni þegar lögreglumenn komu á staðinn. A var í annarlegu ástandi og lagði áfengislykt af honum. Ákærða var hins vegar ekki á staðnum og A gat ekki gefið lögreglumönnum upplýsingar um hvar hún væri. Veitti hann lögreglumönnum leyfi fyrir því að kanna með hana í íbúðinni og urðu þeir þess áskynja að kannabisplöntur í pottum voru þar inni. Var lagt hald á plönturnar, auk plastkassa sem notaður var til ræktunar. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar lögreglu var um ræða eina kannabisplöntu, 48 sentimetra að hæð, sem vóg 14,85 g, og þrjátíu og tvær minni plöntur sem voru komnar skemmra á veg í ræktun, svokallaða græðlinga. Ekki var hægt að hæðarmæla þær plöntur en þær vógu samtals 5,46 g.

Í skýrslu ákærðu hjá lögreglu 6. nóvember 2018 kvaðst hún hafa verið að rækta plöntur í íbúðinni, hamp, en ekki kannabisplöntur. Þá hefði ræktunin verið í lækningaskyni vegna veikinda náins aðstandanda.

Við frekari rannsókn málsins var fyrrgreind planta send til frekari rannsóknar hjá rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Samkvæmt matsgerð þeirrar rannsóknarstofu 25. júní 2018 reyndist reiknað magn tetrahýdrókannabínóls í sýni við komu á rannsóknarstofu vera 9,6 mg/g en eftir þurrkun var magnið 10 mg/g. Undir rekstri málsins fyrir dómi var aflað matsgerðar um hinar minni plöntur. Samkvæmt matsgerð sömu rannsóknarstofu 5. október 2021 reyndist magn tetrahýdrókannabínóls í þurru og reiknuðu sýni við komu á rannsóknarstofu vera 5,9 mg/g.

2.

Varðandi kafla II/3 í fyrri ákæru:

Samkvæmt frumskýrslu var óskað eftir aðstoð lögreglu aðfaranótt 25. apríl 2019 við verslun N1 á Ártúnshöfða í Reykjavík. Þegar lögregla kom á staðinn var öryggisvörður með ákærðu í tókum og var hún æst og veitti mótþróa. Fengust þær upplýsingar að ákærða hefði stuttu áður hraðað sér út úr versluninni með matvöru í fanginu án þess að greiða fyrir varninginn. Þá kvaðst öryggisvörðurinn hafa náð að stöðva för ákærðu við lóðarmörk þar sem ákærða var á leið burtu. Einnig kom fram að hluti af varningnum hefði skemmst í fyrrgreindum samskiptum. Ákærða kvaðst í samtali við lögreglu hafa farið með vörurnar úr versluninni og ætlað að ræða við vin sinn en téður öryggisvörður þá haft afskipti af henni. Þá kvaðst hún vera með peninga til að greiða fyrir vörurnar. Við rannsókn fengust þær upplýsingar að um hefði verið að ræða ýmiss konar matvöru, samtals að fjárhæð 5.747 krónur.

3.

Varðandi síðari ákæru:

Samkvæmt kæru öryggisdeildar Festar hf. var tilkynnt um þjófnað á Bose-hátalara úr Elko-verslun að Skógarlind 2, Kópavogi, 28. október 2019. Með kærinni fylgdi myndupptaka úr eftirlitsmyndavél, auk upplýsinga um verðmæti vöru, 39.895 krónur. Í kærinni var greint frá atvikum, klæðnaði meints geranda, konu, og kom meðal annars fram að hún hefði tekið téðan hátalara úr umbúðum inni í versluninni, pakkað honum inn í blað og síðan farið með út án þess að greiða fyrir. Þá var greint frá því að konan hefði verið í fylgd með karlmanni og þau komið á staðinn á tiltekinni bifreið. Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu 19. janúar 2020 en vildi ekki tjá sig um sakarefnið að öðru leyti en því að hún kvaðst ekki bera kennsl á sig á téðri myndupptöku.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Ákærða bar meðal annars um að hafa verið eigandi umræddrar íbúðar að [...] á þeim tíma sem atvik áttu sér stað en ekki verið búsett í íbúðinni. Umrædd íbúð hefði verið í útleigu og A verið leigutaki. Ákærða hefði ekki verið viðstödd leit í íbúðinni téðan dag. Þá kvaðst hún ekki vita hvort A hefði staðið að ræktun plantnanna. Ákærða kvaðst ekki muna eftir skýrslugjöf sinni hjá lögreglu við rannsókn málsins, né heldur það sem haft var eftir henni við þá skýrslutöku. Ákærða kvaðst kannast við að hafa ræktað hamp vegna veikinda náins aðstandanda sem nú væri látin. Sú ræktun hefði hins vegar átt sér stað löngu áður en umrædd húsleit átti sér stað.

Varðandi kafla II/3 í fyrri ákæru:

Ákærða kvaðst ekki kannast við að hafa farið með neinar vörur úr verslun N1 án þess að greiða fyrir þær. Hún kvaðst ekki geta staðfest að hún hefði verið í téðri verslun á þeim tíma sem um ræðir né heldur hvort hún hefði sætt afskiptum lögreglu í umrætt skipti. Þá kvaðst hún ekki muna eftir neinum samskiptum við öryggisvörð í umrætt skipti. Kvaðst hún oft hafa verið í verslunum í viðkomandi borgarhluta og lögregla hefði oft á tíðum verið að hafa afskipti af henni á þeim tíma. Kvaðst hún ekki kannast við skýrslugjöf sína hjá lögreglu vegna rannsóknar málsins á vettvangi, né heldur undirritun sína á skýrsluna.

Varðandi síðari ákæru:

Ákærða kvaðst ekki hafa verið í umræddri Elko-verslun téðan dag og hún hefði ekki stolið neinu úr versluninni. Þá kvaðst hún ekki bera kennsl á sjálfa sig á myndupptöku úr versluninni téðan dag né heldur kvaðst hún muna eftir skýrslutöku hjá lögreglu vegna rannsóknar málsins.

2.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Vitnið A greindi meðal annars frá því að hafa verið leigjandi að íbúð með húsgögnum að [...] á tímabili frá 2017 til 2019. Ákærða hefði verið leigusali hans á þeim tíma og hún ávallt verið velkomin í heimsókn til hans. Vitnið kvaðst bera fulla ábyrgð á öllu því sem var í íbúðinni á téðum leigutíma, þar með talið á þeim plöntum sem lögregla lagði hald á 6. maí 2018. Ákærða hefði á þeim tíma ekki verið í íbúðinni en hún hefði örugglega komið í heimsókn á einhverjum tíma áður. Vitnið kvaðst ekki vita til þess að ákærða hefði verið að rækta neinar plöntur í íbúðinni né heldur að hún hefði verið að rækta plöntur í lækningaskyni. Hún hefði hins vegar ræktað stofublóm í íbúðinni. Vitnið kvaðst hafa ræktað téðar plöntur, sem hald var lagt á, og um hefði verið að ræða tómataplöntur. Vitnið kvaðst ekki muna eftir sér umræddan dag og samskiptum við lögreglu sem kom á staðinn. Kvaðst vitnið telja að það skýrðist af því að honum hefði fyrir um daginn verið byrluð ólyfjan. Þá hefði enginn annar en hann sjálfur haft aðgang að íbúðinni á þeim tíma sem um ræðir.

3.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Vitni, rannsóknarlögreglumaður nr. [...], bar meðal annars um að hafa umrædda nótt verið sendur í útkall í íbúð að [...]. Tilefnið hefði verið tilkynning sem barst um hávaða eða hugsanlegt heimilisofbeldi í íbúðinni. Lögregla hefði þekkt til staðarins og þeirra sem þar bjuggu vegna annarra mála. Á þeim tíma hefði verið vitað að ákærða og A bjuggu bæði í íbúðinni. A hefði komið til dyra og hleypt lögreglu inn. Hann hefði verið ölvaður. Ákærða hefði hins vegar ekki verið á staðnum. A hefði greint frá því að ákærða væri farin. Lögregla hefði svipast um eftir ákærðu í íbúðinni til að ganga úr skugga um hvort ákærða væri í raun farin. Umræddar plöntur hefðu þá fundist þar inni og hald verið lagt á þær. A hefði í greint skipti verið einn í íbúðinni og greint lögreglu frá því að ákærða ætti plönturnar.

4.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. [...], staðfesti frumskýrslu og bar meðal annars um að hafa umrædda nótt farið í útkall að [...] vegna tilkynningar um hávaða og læti. A hefði komið til dyra og boðið lögreglu að koma inn en ákærða hefði ekki verið heima. A hefði verið

mjög ölvaður og tjáð lögreglu að hann vissi ekki hvar ákærða væri. Hann hefði beðið lögreglu að athuga með ákærðu inni í íbúðinni. Lögregla hefði svipast um eftir ákærðu þar inni og farið upp á rishæð íbúðarinnar. Þar hefðu verið tvö herbergi, líklega geymslur, auk sófa í rými fyrir utan. Inni í öðru herbergjanna hefðu verið kannabisplöntur í ræktun sem lagt var hald á. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því sem A greindi lögreglu frá í umrætt skipti til skýringar á umræddum plöntum eða hvað hann sagði um ákærðu í því sambandi. Vímuástand A hefði oft á tíðum verið með þeim hætti að lítið var hægt að ræða við hann. Vitnið kvaðst oft á þessum tíma hafa komið í umrædda íbúð vegna afskipta af ákærðu og A út af öðrum málum. Þá hefði legið fyrir vitneskja um það hjá lögreglu að ákærða væri með umráð íbúðarinnar og hún og A hefðu búið þar saman á þeim tíma sem par.

5.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Vitni, B, verkefnastjóri hjá rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, gaf tvívegis skýrslu símleidis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir fyrrgreindum matsgerðum, niðurstöðum og rannsóknaraðferðum sem lágu til grundvallar. Í fyrri skýrslu hans kom meðal annars fram að rannsóknarstofan hefði fengið eina plöntu til rannsóknar. Um hefði verið að ræða vaxna plöntu en ekki græðling. Hún hefði eftir þurrkun verið með styrkleika 10 mg/g af tetrahýdrókannabínóli. Það hefði verið eðlilegur styrkleiki miðað við vaxtarstig plöntunnar. Styrkleiki tetrahýdrókannabínóls færi almennt vaxandi samhliða stækkun plöntu. Að því virtu væri munur á styrkleika í græðlingi annars vegar og fullvaxinni plöntu hins vegar. Meðalstyrkleiki í öllum rannsökuðum kannabisplöntusýnum á árinu 2018, 173 talsins, hefði verið 30 mg/g og miðgildi 15 mg/g. Þessu til viðbótar greindi vitnið frá því að hampur hefði sama útlit og kannabisplanta. Í síðari skýrslu hans, sem tók til fyrrgreindra græðlinga, kom meðal annars fram að um hefði verið að ræða mjög þurrt sýni, plöntumulning. Fjölmargir stilkar og þurr lauf hefðu verið sjáanleg í sýninu. Sýnið hefði við greiningu reynst innihalda 5,9 mg/g af tetrahýdrókannabínóli. Um hefði verið að ræða gamalt sýni og niðurbrotsefni sjáanleg í því. Styrkleikinn hefði því lækkað að einhverju marki frá haldlagningartíma. Þá væri ekkert í sýninu sem styddi það að plöntunar væru hampur.

6.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Vitni, C, verkefnastjóri hjá rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir fyrrgreindri matsgerð frá 25. júní 2018 varðandi kannabisplöntu. Framburður hennar um þau atriði var af sama toga og áður greinir um vitnið B. Þá greindi vitnið frá því að niðurstaða matsgerðar væri á þá leið að útilokað væri að sú planta sem var til rannsóknar væri hampur.

7.

Varðandi kafla II/1 í fyrri ákæru:

Vitni, sérfræðingur nr. [...], við tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti efnaskýrslu og gerði nánar grein fyrir rannsókn á haldlögðum kannabisplöntum. Í framburði vitnisins kom meðal annars fram að plöntusýni hefðu verið forprófuð með litaprófi sem væri mjög áreiðanleg greiningaraðferð. Svörun prófsins hefði sýnt tetra-hýdrókannabínól en styrkleikamæling og frekari rannsókn efnisins hefði farið fram á rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Vitnið greindi frá því að þrjátíu og tvær litlar kannabisplöntur hefðu nýlega verið sendar í einu lagi til frekari rannsóknar hjá fyrrgreindri rannsóknarstofu. Plönturnar hefðu á þeim tíma verið orðnar mjög þurrar og þær multist niður vegna langs geymslutíma í munavörslu lögreglu.

8.

Varðandi kafla II/3 í fyrri ákæru:

Vitni, lögregluvarðstjóri nr. [...], staðfesti lögregluskýrslu og gerði grein fyrir aðkomu sinni að máli í verslun N1 á Ártúnshöfða. Í framburði vitnisins kom meðal annars fram að hún hefði verið á næturvakt og komið inn í verslunina til þess að kaupa sér matvæli. Vitninu hefði verið bent á að öryggisvörður væri að hlaupa á eftir konu sem væri að stela úr versluninni. Vitnið hefði síðan séð öryggisvörð vera að stöðva för ákærðu fyrir utan. Ákærða hefði verið öskrandi og vörur legið á jörðinni, þar á meðal brotin egg. Vitnið hefði þekkt til ákærðu vegna annarra mála. Vitnið hefði kallað til hennar og hún róast við það og verið fús til að tala við lögreglu. Ákærða hefði verið ein á ferð. Vitnið hefði í framhaldi tekið vettvangsskýrslu af öryggisverðinum og þá hefði starfsfélagi vitnisins rætt við ákærðu á sama tíma. Lögregla hefði í framhaldi ekið ákærðu heim að [...] og fyrrgreindur A verið á staðnum.

Varðandi kafla II/3 í fyrri ákæru:

Vitni, lögregluvarðstjóri nr. [...], staðfesti lögregluskýrslu og gerði grein fyrir aðkomu sinni að máli í verslun N1 á Ártúnshöfða. Vitnið greindi frá upphafi atvika og aðstæðum á vettvangi með svipuðum hætti og áður greinir um lögregluvarðstjóra nr. [...]. Í framburði vitnisins kom meðal annars fram að ákærða og öryggisvörður hefðu verið fyrir utan verslunina. Öryggisvörður hefði sagst hafa farið á eftir ákærðu þar sem hún hefði tekið vörur án þess að greiða fyrir þær. Vitnið hefði rætt við ákærðu og hún sagst hafa ætlað að fara út úr versluninni og hitta A vin sinn. Þá hefði ákærða sagst vera með peninga á sér til að greiða fyrir vörurnar. Vitnið kvaðst ekki vera viss um hvort A hefði verið fyrir utan verslunina en vitnið gæti mögulega hafa hitt hann í tengslum við það þegar lögregla ók ákærðu heim.

IV.

Niðurstöður:

1.

Varðandi sakarefni samkvæmt kafla II/1 í fyrri ákæru:

Ákærða neitar sök og við skýrslugjöf fyrir dómi kannaðist hún ekki við að hafa ræktað neinar plöntur í íbúðinni á þeim tíma sem um ræðir. Þá virtist hún fyrir dómi ekki kannast við skýrslugjöf sína hjá lögreglu. Ákærða byggir vörn sína í aðalatriðum á því að ræktun umræddra plantna hafi verið henni með öllu óviðkomandi. Hún hafi verið þinglýstur eigandi húsnæðisins og leigt það til fyrrgreinds A. Af framburði ákærðu fyrir dómi verður ráðið að hún hafi ekki vanið komið sínar í téð húsnæði á þeim tíma sem um ræðir og samskipti hennar við A hafi verið mjög óveruleg. Þá verður ráðið af framburði hennar fyrir dómi að hún telji að vörslur og ræktun téðra plantna kunni að hafa verið á vegum A eða það sé hans að svara fyrir plönturnar. Framburður ákærðu fyrir dómi var ruglingslegur og ekki í samræmi við skýrslu hennar hjá lögreglu, sbr. það sem áður greinir í málavaxtalýsingu. Liggur þannig fyrir að framburður hennar hefur verið óstöðugur við meðferð málsins og dregur það úr trúverðugleika hennar við úrlausn þess, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Samkvæmt vætti A var hann leigjandi umrædds húsnaðis og vörslumaður og ræktandi téðra plantna sem að hans sögn voru tómataplöntur. A gaf ekki framburðarskýrslu hjá lögreglu við rannsókn málsins en rætt var við hann í upphafi þegar lögregla kom á staðinn. Á þeim tíma vísaði A á ákærðu varðandi umræddar plöntur og virtist þá hafa verið í samskiptum við ákærðu. Samkvæmt vætti A var hann á þeim tíma sem lögregla ræddi við hann undir áhrifum vímuefna. Samrýmist það vætti lögreglumanna nr. [...] og [...]. Framburður A fyrir dómi var fremur ruglingslegur og kom ítrekað fram hjá honum að hann bæri hlýjan hug til ákærðu. Þá verður það ráðið af framburði hans og framkomu fyrir dómi að hann hafi í raun verið að leitast við að taka á sig sakir í málinu. Þarf að taka sérstakt tillit til þessa við úrlausn málsins. Verður því tæplega byggt á framburði A við úrlausnina, eins og hér stendur á, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008.

Ágreiningslaust er og samrýmist jafnframt gögnum málsins að ákærða var eigandi umrædds húsnaðis á þeim tíma sem um ræðir. Einnig liggur fyrir samkvæmt málgögnum að A var leigjandi húsnaðisins á sama tíma samkvæmt þinglýstum húsaleigusamningi. Þá var hann skráður með lögheimili í íbúðinni á sama tíma. Að auki liggur fyrir að ákærða var með skráð lögheimili í íbúðinni á þeim tíma. Samkvæmt vætti lögreglumanna nr. [...] og [...] var lögregla send í útkall í íbúðina vegna meints heimilisofbeldis og var sérstaklega verið að leita að ákærðu í íbúðinni til að ganga úr skugga um öryggi hennar þegar plönturnar fundust fyrir tilviljun. Þá verður ráðið af vætti sömu lögreglumanna að almenn vitneskja hafi legið fyrir innan lögreglu um að ákærða byggi í íbúðinni á þeim tíma sem um ræðir, auk A, og það hafi verið vegna annarra mála og afskipta af þeim á svipuðum tíma. Samrýmist það einnig vætti lögreglumanna nr. [...] og [...] sem gáfu skýrslu vegna sakarefnis samkvæmt kafla II/3 í ákæru. Að mati dómsins er því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærða hafi í raun búið eða haldið verulega til í íbúðinni á þeim tíma sem um ræðir, auk fyrrgreinds leigjanda. Þá ber og að líta til þess að ákærða kannadist við af hafa ræktað téðar plöntur af fræjum í íbúðinni þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu en með þeirri skýringu, eins og áður greinir, að þær væru hampur og ræktunin væri í lækningaskyni. Að öllu framangreindu virtu liggur fyrir að umræddar plöntur voru í húsnaði ákærðu og hún vissi um efnin. Þá bendir allt til þess að hún hafi búið í húsnaðinu, dvalið þar í einhvern tíma og/eða haft aðgang að heimilinu að eigin vild. Er því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærða fór með vörslur og stóð að ræktun umræddra

plantna eins og greinir í ákæru. Samkvæmt matsgerðum og vætti fyrrgreindra sérfræðinga við rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði liggur fyrir að umræddar plöntur voru kannabisplöntur. Skýringar ákærðu hjá lögreglu um að þær hafi verið hampur og ætlaðar í fyrrgreindu skyni eru ótrúverðugar og haldlausar og verða ekki lagðar til grundvallar í málinu. Að öllu framangreindu virtu verður fallist á það með ákæruvaldinu að lögfull sönnun hafi tekist fyrir því að ákærða hafi farið með vörslur og ræktað téðar kannabisplöntur eins og greinir í ákærukafla II/1 í hinni fyrri ákæru. Verður hún því sakfelld fyrir háttsemi samkvæmt þeim kafla ákærunnar og varðar brotið við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr., laga nr. 65/1974, auk þeirra ákvæða í reglugerðum sem greinir í ákæru.

2.

Varðandi sakarefni samkvæmt kafla II/3 í fyrri ákæru:

Ákærða neitar sök og fyrir dómi virtist hún ekki kannast við að hafa verið í téðri verslun á þeim tíma né heldur að hafa sætt afskiptum af hálfu öryggisvarðar eða lögreglu. Framburður hennar fyrir dómi var mjög ruglingslegur. Samkvæmt vætti lögreglumanna nr. [...] og [...] voru höfð afskipti af ákærðu í umrætt skipti vegna meintrar gripdeildar. Ljóst er af vætti lögreglumanna að ákærða var mjög vanstillt og verður ráðið að það hafi verið vegna umræddra afskipta öryggisvarðarins. Þá lá hluti af umræddum vörum á götunni og hafði spillst samkvæmt vætti lögreglumanns nr. [...] og samrýmist það ljósmyndum sem eru meðal gagna málsins. Fyrrgreind atvik eru því af þeim toga að þau benda til sektar ákærðu. Samkvæmt vettvangsskýrslu ákærðu hjá lögreglu verður ráðið að hún hafi kannast við að hafa farið með vörur úr versluninni án þess að vera búin að greiða fyrir en hún hafi ætlað að ræða við vin sinn fyrir utan verslunina. Hún hafi hins vegar ætlað að greiða fyrir vörurnar en öryggisvörður haft afskipti af henni áður. Hið sama kom fram í vætti lögreglumanns nr. [...] fyrir dómi, auk þess sem vitnið bar um að fyrrgreindan A gæti hafa borið á góma í því sambandi. Það vitni gat hins vegar ekki staðfest með fullri vissu hvort A hefði verið nálægur í greint skipti. Lögreglumaður nr. [...] bar hins vegar um að ákærða hefði verið ein á ferð. Samkvæmt vettvangsskýrslu af téðum öryggisverði, sem lögreglumaður nr. [...] staðfesti fyrir dómi, verður ráðið að öryggisvörðurinn hafi litið svo á að ákærða væri að stela varningi úr versluninni og hann hafi því ákveðið að hafa afskipti af henni. Hið sama kom fram í vætti lögreglumanns nr. [...] fyrir dómi varðandi samskipti við téðan öryggisvörð. Ekki reyndist unnt að taka vitnaskýrslu af öryggisverðinum við meðferð málsins fyrir dómi. Við rannsókn málsins var ekki hlutast til um öflun upptaka úr eftirlitsmyndavélum sem alla jafna eru staðsettar

í og við verslanir af þeim toga sem hér um ræðir. Slík gögn hefðu getað skýrt atvik betur og verður ákærvaldið að bera hallann af því við úrlausn málsins. Að öllu framangreindu virtu er því ekki alveg ljóst hvernig atvikum málsins var háttað en sönnunarfærslan fer fram fyrir dómi. Sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik, sem telja má henni í óhag, hvílir á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt framangreindu þykir lögfull sönnun ekki hafa tekist um að hún hafi í umrætt skipti stolið varningi sem greinir í kafla II/3 í hinni fyrri ákæru. Verður hún því sýknuð af því broti samkvæmt ákæru.

3.

Varðandi sakarefni samkvæmt síðari ákæru:

Ákærða neitar sök. Myndupptaka verslunarinnar er skýr og sést vel í andlit ákærðu þar sem hún er í versluninni. Hið sama á við um útprentaðar myndir í gögnum málsins. Andlit og útlit ákærðu á framangreindu myndefni samrýmist mynd sem tekin var af ákærðu hjá lögreglu 20. janúar 2020 og er meðal rannsóknargagna. Hið sama á við um útlit ákærðu eins og það birtist við meðferð málsins fyrir dómi. Að framangreindu virtu er unnt að slá því föstu, gegn neitun ákærðu, að hún hafi verið í versluninni í umrætt skipti. Á upptökunni sést þar sem ákærða kemur inn í fyrrgreinda Elko-verslun, í fylgd óþekktis karlmanns. Sést hún handleika og skoða varning í versluninni. Þá sést þar sem hún kemur að afgreiðsluborði og ræðir við starfsmann í stutta stund sem virðist vera að fletta einhverju upp í tölvu að hennar beiðni. Á sama tíma sést að ákærða heldur á hlut fyrir neðan brún afgreiðsluborðsins. Sést hún síðan ljúka samtalinu, leggja frá sér blað og ganga fremur hratt út úr versluninni haldandi á svörtum hlut án þess að greiða fyrir hann. Verðmæti þýfis er byggt á verðmæti sams konar vöru í umræddri verslun samkvæmt kærugögnum og verður lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Að framangreindu virtu, gegn neitun ákærðu, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hún hafi í umrætt skipti stolið vöru úr verslun eins og greinir í hinni seinni ákæru. Verður hún því sakfelld fyrir þá háttsemi samkvæmt ákæru og er brotið rétt fært til refsíákvæðis.

4.

Varðandi viðurlög:

Ákærða er fædd í [...]. Samkvæmt sakavottorði 28. maí 2020 á hún að baki sakaferil sem nær aftur til ársins 2013. Það sem hér skiptir einkum máli er að hún var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. janúar 2019 sakfelld fyrir fíkniefnalagabrot og henni gert að sæta tveggja mánaða skilorðsbundnu fangelsi. Fíkniefnalagabrot samkvæmt kafla II/1

í hinni fyrri ákæru var framið fyrir uppkvaðningu fyrrgreinds dóms en þjófnaðarbrot samkvæmt hinni síðari ákæru var framið eftir uppkvaðningu þess dóms. Að þessu virtu liggur fyrir að annars vegar er um að ræða hegningarauka og hins vegar skilorðsrof. Verður nú að dæma upp hinn eldri skilorðsdóm og ákvarða refsingu í einu lagi samkvæmt 60., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Sakaferill ákærðu horfir heilt á litið til refsipýngingar. Við ákvörðun refsingar varðandi fyrrgreint fíkniefnalagabrot verður litið til fjölda haldlagðra kannabisplantna, auk vaxtarstigs og styrkleika. Tafir hafa orðið á meðferð málsins fyrir dómi og verður tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar, til mildunar. Þá horfir til málsbóta að ákærða sinnti vel mætingum við dómsmeðferð málsins. Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til 5. og 8. tölul. 1. mgr. 70. gr. téðra laga, verður refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 eru gerðar upptækar 33 kannabisplöntur (efnaskrá 37841) og plastkassi ætlaður til plönturæktunar (munaskrá 463124), sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

5.

Varðandi sakarkostnað o.fl.:

Með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast að mestu af tímaskýrslu, 950.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Með hliðsjón af málsúrslitum, þar með talið að ákærvaldið hefur fallið frá ákæru að hluta á hendur ákærðu, verður hún dæmd til að greiða helming framangreindra málsvarnarlauna, eða 475.000 krónur, en helmingur sem út af stendur greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti verður ákærðu að fullu gert að greiða útlagðan kostnað samkvæmt yfirlitum ákærvaldsins, 191.704 krónur.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sonja H. Berndsen aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. janúar 2021 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Dagbjört Guðrún Rúnarsdóttir, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnu einu ári frá deginum í dag að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða sæti upptöku á 33 kannabisplöntum og plastkassa.

Ákærða greiði samtals 666.704 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs, og er þar innifalinn helmingur málsvarnarlauna skipaðs verjanda hennar, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, sem í heild nema 950.000 krónum með virðisaukaskatti, og allur útlagður kostnaður ákærvaldsins, sem nemur 191.704 krónum samkvæmt yfirlitum. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Daði Kristjánsson